



Sveitarfélagið Hornafjörður

Bt. Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Gunnarsholti, 28. janúar 2022

Efni: Ósk um umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir efnistöku á Suðurfjörum

Landgræðslunni barst til umsagnar breytingar á aðalskipulagi fyrir efnistöku á Suðurfjörum. Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Með vísan í fyrri umsögn, dags. 21. maí 2021, gerir Landgræðslan ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi fyrir efnistöku á Suðurfjörum en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur